

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDARGERÐARBÓK FRÆÐSLURÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

**142. fundur fræðsluráðs verður haldinn miðvikudaginn, 2.október 2013, kl. 15.00 í fundarsal ráðhússins.**

## Dagskrá:

1. Skólastarf veturinn 2013 -2014 í skólabúðunum á Reykjum. Rekstraraðilar kynna starfið klukkan 15.00.
2. Tekið á dagskrá endurskoðun samnings við Skólabúðirnar að Reykjum.
3. Skólastarf veturinn 2013 -2014 í Tónlistarskóla Húnaþings vestra. Skólastjóri kynnir starfið klukkan 15.45.
4. Tómskundastarf veturinn 2013-2014. Íþrótt- og tómskundafulltrúi kynnir starfið klukkan 16.30.

## Afgreiðslur.

1. Rekstraraðilar sögðu frá starfi í skólabúðunum nú í vetur og lögðu fram starfsskýrslu ásamt meginmarkmiðum skólabúðanna. Alls munu rúmlega 3200 börn heimsækja skólabúðirnar í vetur. Áherslan er áfram á vináttu, virðingu og væntumþykju. Félagsfærni/lífsleikni, náttúrufræði og samfélagsfræði er í forgrunni. Eftir áramót munu sveitaheimsóknir hefjast að nýju og munu börnin heimsækja bændur á Bjargi og fá landbúnaðarfræðslu á vegum Bændasamtakanna. Allir ferlar er varða ráðningu starfsfólks hafa verið endurskoðaðir og hæfnikröfur hertar. Unnið hefur verið að eineltisáætlunum, siðareglum og ráðningaferlum í samráði við fagfólk á því sviði. Öryrkjabandalagið hefur áhuga á samstarfi til að bæta aðstöðu við fatlaða og mun gera úttekt hvað þarf að gera til að bæta aðstöðuna.
2. Formaður gerir alvarlegar athugasemdir við að hafa ekki verið boðuð á fund eða höfð í ráðum við drög að nýjum samningi við Skólabúðirnar á Reykjum eins og samkomulag gerði ráð fyrir. Formaður vísar af fundi vegna þessa.
3. Dagskrálið frestað.
4. Dagskrálið frestað.

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs ritaði fundargerð.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Rakel Runólfsdóttir(sign.),  
Gísli G.Magnússon(sign.),  
Sigrún Waage(sign)

Fundi slitið kl: 16. 20

Borghildur H. Haraldsdóttir(sign.),  
Anna Birna Þorsteinsdóttir(sign.).  
Ólöf Þorsteinsdóttir (sign)